

**Titill:** Frá siðbreytingu til 20. aldar (íslenska 4)

### Lýsing

Í áfanganum öðlast nemendur haldgóða yfirsýn yfir íslenskt mál og bókmenntir frá siðbreytingu fram til 20. aldar. Sú yfirsýn fæst með lestri valinna verka frá tímabilinu. Sjónum er meðal annars beint að straumum og stefnum í menningar- og bókmenntasögu heimsins og áhrifum þeirra á íslenskar bókmenntir og samfélag. Lögð er áhersla á að nemendur átti sig á hvert gildi þeirra bókmennta sem lesnar eru í áfanganum er fyrir nútímafólk. Nemendur lesa *Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Laxness, fjalla um hana og gera grein fyrir henni í ræðu og riti. Nemendur fara í leikhús og fjalla um leiksýninguna. Nemendur skrifa ritgerð um efni áfangans.

**Forkröfur:** ÍSLE3CC/CH05

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Nemandi skal þekkja helstu höfunda, verk og stefnur í íslenskum bókmenntum á tímabilinu 1550-1900.
- Nemandi skal geta skilgreint og borið saman ólíkar bókmenntastefnur.
- Orðaforða sem nýtist við lestur helstu bókmenntaverka.
- Eiginleikum góðra heimilda og heiðarlega úrvinnslu þeirra við ritgerðarskrif.

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita viðurkenndum aðferðum í ritgerðarsmíð með heiðarleika að leiðarljósi.
- Greina bókmenntatexta með tilliti til persónusköpunar, umhverfis, tíma og annarra lykilþátta bókmenntagreiningar.
- Skilja og nota menningarlegar vísanir.
- Miðla þekkingu sinni með mismunandi aðferðum og ólíkum tjáningarformum.

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Taka þátt í málefnalegri umræðu um bókmenntir, bæði færa rök fyrir máli sínu og hlusta á rök annarra.
- Setja sig í spor sögupersóna eða ljóðmælanda, samsamað sig frásögn skáldskapar og túlkað hann.
- Taka sjálfstæða afstöðu til skáldskapar og boðskapar hans.
- Miðla upplifun sinni af lestri bókmennta á skapandi hátt í ræðu og riti.
- Skilja bókmenntalegt, málsögulegt, sögulegt, félagslegt, menningarlegt og pólitískt samhengi í textum sem fjallað er um í áfanganum.
- Setja eigin menningu í alþjóðlegt samhengi.
- Beita gagnrýninni hugsun við túlkun krefjandi bókmennta.

## Námsmat

- Námsmat byggir á fjölbreyttri verkefnavinnu munnlegri og skriflegri, ritgerð og lokaprófi. Notaðar eru margs konar matsaðferðir.